

Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

Hlutverk og stefna 2010-2015

Meginhlutverk kennaradeildar Menntavísindasviðs er að hafa forystu um vandaða menntun fyrir kennara á öllum skólastigum. Kennaradeild menntar, í samstarfi við vettvang, öflugt fagfólk til að leggja grunn að árangursríku starfi í skólum landsins og leiða faglega þróun þess. Deildin leggur því áherslu á rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntamála og skólustarfs.

Í kennaradeild er lögð alúð við fólk og fræði. Það felur í sér að starfshættir deildarinnar byggjast á lýðræði, jafnrétti, sjálfbærni og virðingu fyrir einstaklingum og margbreytileika mannlífsins. Lögð er áhersla á vísindaleg vinnubrögð, siðferðilega ábyrgð, gagnrýna hugsun og skapandi starf.

Í kennaradeild er litið á kennaramenntun sem ævimenntun og starfsþróun sem mikilvægan þátt í starfi hvers kennara.

1. Nám við kennaradeild er starfsnám sem að menntar kennara og stuðlar að þróun íslenskra skóla. Þetta felur í sér:

- Kennaramenntun sem tekur mið af gildandi lögum og reglum um skólustarf, þörfum nemenda og samfélagslegu hlutverki skóla
- Kennaramenntun sem býr kennara undir að mennta og stuðla að þroska ólíkra nemenda með fjölbreyttar þarfir
- Að kennaranemar byggi upp haldgóða þekkingu á fræðilegri undirstöðu uppeldis og menntunar
- Öfluga faggreinakennslu sem tekur mið af stöðu faggreina sem kennslugreina, rannsóknum á kennslufræði greina og hlutverki þeirra í íslenskum skólum
- Samþættingu námsgreina og námssviða
- Að skapa nemum tækifæri til að afla sér sérþekkingar á þeim sviðum sem íslenskt menntakerfi þarf til að geta þróast
- Kennaranám sem veitir þjálfun í miðlun efnis og tækifæri til skapandi starfs
- Að tengsl við væntanlegan starfsvettvang eru ríkur þáttur í námi hvers nema
- Að nemar eru þjálfaðir í að taka þátt í faglegu samstarfi

2. Kennaradeild vinnur náið með starfsvettvangi. Í þessu felst að:

- Starfsfólk deildarinnar ræktar tengsl við starfsvettvang gegnum vettvangsnám, rannsóknir og þróunarstarf
- Kennaradeild er í stöðugri samræðu við menntavettvang (skóla, samtök kennara og foreldra og fræðsluyfirvöld) og skapar fjölbreytilegan vettvang fyrir samstarf

og samvinnu (heimaskólar, málþing, samráðsnefndir, vinnuhópar, þróunarverkefni)

- Kennaradeild fylgist með þörfum og tækifærum íslensks menntakerfis og bregst við þeim á sviði kennslu, rannsókna, þróunar og sí- og endurmenntunar

3. Vandaðir kennsluhættir í kennaranámi eru fyrirmynd árangursríks starfs á öðrum skólastigum og fræðsluvettvangi. Það felur m.a. í sér eftirfarandi:

- Í öllum námskeiðum skulu viðhafðir fjölbreyttir kennsluhættir sem eru leiðarljós vandaðrar kennslu og starfs á öðrum skólastigum
- Kennsluhætti sem taka mið af margbreytileika barna, unglunga og fullorðinna, lýðræðislegu skólstarfi, gagnrýninni hugsun, tengslum við umhverfi (náttúru, menningu og samfélag) og alþjóðasýn
- Samstarfsmenningu innan deildar sem leidd er af forystu deildarráðs og námsnefnda þar sem fram fer stöðug umræða og mat á gæðum náms og kennslu og lagður er grunnur að nýbreytni og þróun

4. Í kennaradeild er lögð rík áhersla á tengsl rannsókna og kennslu. Í þessu felst að:

- Skipulag, kennsluaðferðir og inntak kennaranáms er grundvallað á fræðilegri þekkingu og tengt niðurstöðum rannsókna á hverju sviði
- Starfsmenn kennaradeildar stunda fjölbreytilegar menntarannsóknir
- Kennaranemar öðlast þekkingu og færni til að skilja og nýta rannsóknarniðurstöður
- Kennaranemar taka þátt í rannsókna- eða þróunarverkefnum sem unnið er að í deildinni
- Kennaranemar eru faglega undirbúnir til að skoða og þróa starfshætti sína

5. Í kennaradeild er unnið að virkum tengslum við erlenda háskóla. Í því felst að:

- Markvisst er unnið með erlendum háskólum á sviði kennslu og rannsókna
- Að hvetja nema til að stunda hluta af námi sínu erlendis og greiða götu erlendra skiptinema til að stunda nám í deildinni
- Kennaranemar í kennaradeild fá tækifæri til samstarfs við kennaranema í erlendum háskólum

Samþykkt á deildarfundum Kennaradeildar 18. október 2010 sem framlag deildarinnar til umræðu sviðsins og háskólans um stefnumörkun.